



Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 1261 — 800. mál.

Stjórn Félags leikstjóra á Íslandi hefur fjallað um frumvarp til laga um sviðslistir og sendir allsherjarnefnd Alþingis hér með umsögn um tiltekna þætti málsins. Almennt má segja að stjórn FLÍ sé sátt við það að fá ný lög um sviðslistir, en telur þó að gagnlegt væri fyrir þingmenn sem sinna málefnum menningar fyrir hönd löggjafans, að skoða hvort ekki sé tímabært og skynsamlegt að horfa heildstætt yfir lagaumhverfi menningarstofnana með það að markmiði að samræma grundvallarþætti lagaframkvæmdar. Það stingur vissulega í augu hversu sundurleitt lagaumhverfið er og augljóst að nokkuð vantar upp á að stjórnsýsla málaflokksins sé samhæfð. Í því sambandi mætti skoða ályktanir frá Bandalagi íslenskra listamanna, sem hefur talað fyrir því um nokkurra ára skeið að bæta þurfi stjórnsýslu menningarmála, sem nú heyrir undir mörg ráðuneyti sem ekki hafa mótað sér sýn eða stefnu um framkvæmd laga á vettvangi menningar og lista:

<https://bil.is/radunevti-lista-og-menningar>

Menningarstefnan sem Alþingi samþykkti 2013 ætti að vera góður grundvöllur undir slíka vinnu og sannarlega orðið tímabært að unnin sé heildstæð aðgerðaáætlun á grundvelli hennar:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c93e9269-5cbe-11e7-9416-005056bc4d74>

Þjóðleikhússtjóri og listdansstjóri

Fyrst ber að telja umræðu innan FLÍ um 4. grein frumvarpsins, þ.e. að viðhaldið skuli þeirri framsetningu laganna að ráða megi í starf þjóðleikhússtjóra út í hið óendanlega fimm ár í senn og að starfið skuli auglýst við lok hvers tímabils. Eðlilegt er að spurt sé hvaða rök hafi staðið til þess, þegar ákvæðið rataði fyrst inn í löggjöfina, að þjóðleikhússtjóra einum forstöðumanna ríkisstofnana skyldi vera gert það að sækja um starf sitt á fimm ára fresti án þess að vita hvort til standi að endurráða hann eða ekki? Þau rök koma ekki fram í frumvarpinu sem varð að núgildandi leiklistarlögum í desember 1998. Það er áleitin spurning hvort tímafrekt og kostnaðarsamt ráðningarferli sé skynsamlegt ef löngun ráðherra og þjóðleikhúsráðs stendur til að endurráða sitjandi leikhússtjóra og hvort slíkt ferli sé ekki ósanngjarnt gagnvart öðrum umsækjendum, sem sækja um starfið í góðri trú. Sömu álitafni eru uppi varðandi starf listdansstjóra Íslenska dansflokksins, sem skv. 11. gr. frv. og skv. núgildandi reglum um dansflokkinn er gert að lúta sama lagaumhverfi og þjóðleikhússtjóri.

Í ljósi orðalags greinargerðar frumvarpsins má draga í efa að framsetning 4. frv. sé í samræmi við vilja löggjafans, þar sem greinargerðin lýsir annars konar umhverfi en greinin sjálfar mælir fyrir um. Þannig

segir í grg. um 4. gr., að lagt sé til að haldið verði í þá reglu að eingöngu sé heimilt að endurnýja skipun Þjóðleikhússtjóra einu sinni, enda sé það í samræmi við vilja listageirans að forstöðumenn listastofnana sitji alla jafna ekki lengur en tvö skipunartímabil, slík tilhögun stuðli að framþróun listgreinanna. Þar að auki segir í tl. 2 í grg. að með frumvarpinu sé leitast við að gera löggjöf á sviði sviðslista *sambærilega þeim lögum sem gilda um bókmenntir, myndlist og tónlist*. Þegar borin eru saman lagaákvæði um forstöðumenn opinberra stofnana á menningarsviði kemur í ljós nokkuð misræmi:

Embætti:	Hver ræður:	Tímabi:	Hvenær auglýst:	Tímamörk á ráðningu:
Kvikmyndamiðstöð	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Tvö 5 ára tímabil
Listasafns Íslands	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Tvö 5 ára tímabil
Listdansstjóri	Ráðherra	5 ár í senn	Við lok hvers tímabils	Tvö 5 ára tímabil
Miðst.ísl.bókmennta	Stjórn	-	Í valdi stjórnar	Engin takmörk
Sinfóníuhljómsv.Íslands	Stjórn	4 ár í senn	Í valdi stjórnar	Engin takmörk
Stofnun Árna Magnússonar	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Engin takmörk
Þjóðleikhússtjóri	Ráðherra	5 ár í senn	Við lok hvers tímabils	Engin takmörk
Þjóðminjasafn Íslands	Ráðherra	5 ár í sinn	Í valdi ráðherra	Engin takmörk
<i>Listahátíð í Rvk listrænn stj*</i>	<i>Stjórn</i>	<i>4 ár í senn</i>	<i>Í valdi stjórnar</i>	<i>Tvö 4ra ára tímabil</i>
<i>Listaháskóli Ísl. rektor*</i>	<i>Stjórn</i>	<i>5 ár í senn</i>	<i>Í valdi stjórnar</i>	<i>Tvö 5 ára tímabil</i>

**Sjálfsseignarstofnun, sem ekki er fyllilega sambærileg en er getið er hér til samanburðar*

Af þessu má ljóst vera að framsetning frumvarpsins á 4. grein fer beinlínis í bága við það sem greinargerðin lýsir og einnig það sem til stóð þegar frumvarpið var lagt fram á 141. löggjafarþingi, sjá þskj. 202 – þingmál 199: <https://www.althingi.is/alttext/141/s/0202.html>

Stjórn FLÍ telur skynsamlegt að þjóðleikhúsráð axli þá ábyrgð að ákveða hvort mælt sé með því við ráðherra í lok fyrra skipunartímabils leikhússtjóra hvort samningur við hann verði endurnýjaður eða hvort starfið verði auglýst og þá í því augnamiði að ráðinn verði nýr leikhússtjóri. Það sama gildir varðandi listdansstjóra og ábyrgð listdansráðs.

Þjóðleikhúsráð

Ástæða er til að fagna breytingum á skipan þjóðleikhúsráðs sbr. 5. gr. og að nú skuli fagfélög innan sviðslista eiga að tilnefna þrjá af fimm fulltrúum í ráðið. Sú ráðstöfun er líkleg til að efla fagleg skoðanaskipti innan ráðsins, sem mun skila sér í styrkari faglegri ráðgjöf um eftirfylgni laga og almennt um starfsemi hússins.

Hins vegar má gera athugasemd við breytingu á skilgreiningu á verksviði ráðsins og spyrja hvort ekki sé verið að draga úr vægi þeirrar ráðgjafar og þess stuðnings sem ráðinu er ætlað að gefa þjóðleikhússtjóra og mögulega að gera ráðinu erfiðara að eiga trúnað þjóðleikhússtjóra, þegar ráðinu er fyrst og fremst ætlað að standa ráðherra reikningsskil um starfsemi hússins. Sjá nógildandi lög:

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Tillagan skv. 5. gr.frv.:

Þjóðleikhúsráð setur sér starfsreglur, fylgist með starfsemi Þjóðleikhússins, veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun um starfsemi Þjóðleikhússins.

Þegar sjónum er beint að ábyrgð og skyldum þjóðleikhúsráðs gæti verið gagnlegt fyrir þingmenn að kynna sér sjónarmið um það atriði í úrskurði umboðsmanns Alþingis frá 2010 í máli 6045:

<https://www.umbodsmadur.is/mal/nr/1705/skoda/mal>

Það er mat stjórnar FLÍ að þjóðleikhúsráð sé hluti af stjórnkerfi lista og menningar, sem þurfi að hafa vel skilgreint hlutverk og sé treyst fyrir ábyrgð. Orðalag greinarinnar veikir hlutverk ráðsins og einskorðar hlutverk þess við ráðgjöf til ráðherra, sem er ekki í samræmi við hlutverk þeirra stjórna sem starfa í öðrum list- og menningartengdum stofnunum. Raunar má velta fyrir sér þeirri tilhneigingu sem gætt hefur í geiranum, að stjórnir menningarstofnana séu lagðar niður, en það er hluti þeirrar heildstæðu umræðu um stjórnsýslu lista og menningar sem þyrfti að eiga sér stað.

Hlutverk

Færa má rök fyrir því að orðalag frumvarpsins um hlutverk þjóðleikhússins sé fremur snubbótt ef borið er saman við það sem segir í núgildandi leiklistarlögum og einnig það sem segir um hlutverk sambærilegra stofnana í lögum sem gilda um tónlist og myndlist:

Sinfóníuhljómsveit Íslands	Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast
Listasafn Íslands	Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og er höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar.
Þjóðleikhúsið (núgildandi lög)	Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar. Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.
Þjóðleikhúsið (frumvarp)	<i>Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í því skal iðka leiklist og aðrar sviðslistir. Þjóðleikhúsið skal glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og stuðla að þróun þeirra og nýsköpun. Leikhúsið skal efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á íslensku.</i>

Kynjajafnrétti

Þó fagna beri því að tekið skuli fram í texta frumvarpsins að jafnrétti kynjanna skuli ávallt haft að leiðarljósi í sviðslistum, má gera athugasemd við staðsetningu þeirrar setningar í 1. gr. frv. og spyrja hvort ekki færi betur á því að færa þá setningu til með eftirarandi hætti:

Markmið laga þessara er að efla íslenskar sviðslistir á landinu öllu, kveða á um skipan og fyrirkomulag sviðslista og búa þeim hagstæð skilyrði. Með sviðslistum er átt við leiklist, danslist, óperuflutning, brúðuleik og skylda listastarfsemi. *Í sviðslistum skal jafnrétti kynjanna ávallt haft að leiðarljósi.*

Ráðherra fer með yfirstjórn sviðslistamála samkvæmt lögum þessum.

Miðstöð íslenskra sviðslista

Ákvæði 18. gr.frv. um miðstöð íslenskra sviðslista er óásættanlegt, þar sem brýn þörf er fyrir það að stjórnvöld tryggji sviðslistunum sömu skilyrði og aðrar listgreinar búa við hvað varðar kynningar á sviðslistum innan lands sem utan ásamt því að gera sviðslistafólki kleift iðka alþjóðlegt samstarf á faglegum grunni. Það er löngu ljóst að listgreinin sjálf hefur ekki bolmagn til að koma slíkri miðstöð á legg, slíkt verður aðeins gert með atbeina stjórnvalda og til þess þyrfti ákvæðið að vera afdráttarlausara og lýsa með efnislegum hætti inntaki þess starfs sem slíkri miðstöð væri ætlað að sinna.

Reykjavík 3. maí 2019

f.h. stjórnar Félags leikstjóra á Íslandi

Kolbrún Halldórsdóttir, ritari